



23. júlí 2024

Tilkynning um innköllun á Beutelsbacher Epla- og Gulrótarsafa

Innnes ehf., að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá viðskiptavinum Beutelsbacher Epla- og Gulrótarsafa (750 ml) þar sem galli við framleiðslu veldur vexti mjólkursýrubaktería þannig að drykkurinn gerjast.

Innköllunin einskorðast við þær vörur sem merktar eru með dagsetningunni 01.03.26.

Upplýsingar um vöruna

Vörumerki: **Beutelsbacher / Demeter**

Vöruheiti: **Epla-Gulrótasafi**

Best fyrir dagsetning: **01.03.26**

Nettómagn: **750 ml**

Strikamerki: **4106060070604**

Ef neytendur eiga vöruna með áður nefndri best fyrir dagsetningu, er þeim bent á að skila vörunni í þá verslun sem hún var keypt í og fá hana bættu eða farga henni.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Innness ehf., í síma 532 4000 eða í gegnum netfangið [kas\[hja\]innnes.is](mailto:kas[hja]innnes.is)

